# Lögbirtingablað

Gefið út samkvæmt lögum nr. 64 16. des. 1943

**Heimilisfang: Síðumúli 29, 2. hæð, 150 Reykjavík.**
**Sími 545 9050. Myndsendir 568 7646.**
**Netfang: logbirtingabladid@dkm.stjr.is**
**Veffang: http://lagabirting.is**
**ISSN 1670-0236 (vefútgáfa)**
**ISSN 1670-0228 (prentuð útgáfa)**
**Árg. kostar kr. 2.500, eintakið kr. 65.**

**Nr. 139 96. ár** **Miðvikudaginn 15. október 2003**


## Stefna

**Og Vodafone - Og fjarskipti hf.,**
**kt. 600898-2059,**
**Síðumúla 28,**
**108 Reykjavík**

gjörir kunnugt: að félagið þurfi að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur á hendur: Guðmundi H. Svavarssyni, kt. 140162-4349, síðast með lögheimili að Árbraut 19, 540 Blönduósi, nú óstaðsettum í hús, til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 149.080, ásamt dráttarvöxtum, af kr. 998 frá 25. janúar 2002 til 5. mars 2002, af kr. 1.497 frá 5. mars 2002 til 21. mars 2002, af kr. 1.996 frá 21. mars 2002 til 16. maí 2002, af kr. 27.866 frá 16. maí 2002 til 1. júní 2002, af kr. 72.170 frá 1. júní 2002 til 25. júní 2002, af kr. 94.055 frá 25. júní 2002 til 25. júlí 2002, af kr. 126.847 frá 25. júlí 2002 til 25. ágúst 2002, af kr. 127.346 frá 25. ágúst 2002 til 2. september 2002, af kr. 138.914 frá 2. september 2002 til 25. september 2002, af kr. 140.313 frá 25. september 2002 til 5. nóvember 2002, af kr. 142.112 frá 5. nóvember 2002 til 6. desember 2002, af kr. 142.696 frá 6. desember 2002 til 6. janúar 2003, af kr. 143.280 frá 6. janúar 2003 til 31. janúar 2003, af kr. 143.864 frá 31. janúar 2003 til 21. febrúar 2003, af kr. 144.448 frá 21. febrúar 2003 til 24. mars 2003, af kr. 145.032 frá 24. mars 2003 til 29. apríl 2003, af kr. 147.001 frá 29. apríl 2003 til 26. maí 2003, af kr. 149.080 frá 26. maí 2003 til greiðsludags.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, en málskostnaðarreikningur verður lagður fram við aðalflutning málsins ef til kemur.

*Málflutingsumboð:* Undirritaður, Bjarni Þór Óskarsson hrl., rekur mál þetta f.h. stefnanda.

*Málsatvik og málsástæður:* Skuldin er samkvæmt framlögðum hreyfingarlista stefnanda. Stefnandi rekur símafyrirtæki í Reykjavík, nú undir nafninu Og Vodafone og voru reikningar gerðir í nafni Íslandssíma. Skuld þessi er til komin vegna ógreiddra símreikninga stefnda hjá stefnanda á neðangreindu tímabili. Um eftirfarandi reikninga er að ræða:

| Gjalddagi | Upphæð kr. |
|---|---|
| 25. janúar 2002 | 998 |
| 5. mars 2002 | 499 |
| 21. mars 2002 | 499 |
| 16. maí 2002 | 25.870 |
| 1. júní 2002 | 499 |
| 1. júní 2002 | 43.805 |
| 25. júní 2002 | 499 |
| 25. júní 2002 | 21.386 |
| 25. júlí 2002 | 32.293 |
| 25. júlí 2002 | 499 |
| 25. ágúst 2002 | 499 |
| 2. september 2002 | 11.568 |
| 25. september 2002 | 499 |
| 25. september 2002 | 900 |
| 5. nóvember 2002 | 499 |
| 5. nóvember 2002 | 1.300 |
| 6. deember 2002 | 584 |
| 6. janúar 2003 | 584 |

## Auglýsing

### um skipulagsmál í Fjarðabyggð

1. *Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Reyðarfjarðar 1990–2010, skv. 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.*
   Breytingin felst í að:
1. Svæði fyrir opinberar stofnanir austan Heiðarvegar verði stækkað að Melgerði í austri og til suðurs að lóðum við Sunnugerði.
2. Íbúðasvæði norðan Sunnugerðis verði stækkað til norðurs að Melgerði og til vesturs á móts við tengigötu að Austurvegi.
3. Svæði fyrir opinberar stofnanir við Sunnugerði er minnkað sem nemur stækkun íbúðasvæðisins.

2. *Tillaga að endurskoðuðu deiliskipulagi íbúðasvæðis í Oddnýjarhæð í samræmi við ofannefndar breytingar á aðalskipulagi, samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.*
   Breytingin felst í að:
1. Til koma 4 nýjar lóðir fyrir fjölbýlishús við Melgerði.
2. Lóðir nr. 9, 11 og 13 falla niður og verða leiksvæði.
3. Lóð nr. 15 við Austurveg verður nr. 10 við Sunnugerði.
4. Mörkum lóðanna nr. 12, 14 og 16 hefur verið breytt.
5. Lóð fyrir spennistöð verður við Melgerði.

Tillögurnar verða til sýnis á bæjarskrifstofum Fjarðabyggðar, Egilsbraut 1, Neskaupstað, Strandgötu 49, Eskifirði og Búðareyri 7, Reyðarfirði, og á heimasíðu Fjarðabyggðar www.fjardabyggd.is frá og með miðvikudeginum 15. október til miðvikudagsins 12. nóvember 2003.

Þá verður einnig opið hús í Félagslundi föstudaginn 24. október kl. 15.00 til 19.00 þar sem tillögurnar verða kynntar. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar.

Frestur til að skila athugasemdum er til miðvikudagsins 26. nóvember 2003.

Athugasemdir skulu vera skriflegar og skal þeim skilað til skipulagsfulltrúa Strandgötu 49, Eskifirði. Hver sá sem eigi gerir athugasemdir við breytingartillöguna fyrir tilskilinn frest telst samþykkur henni.

F.h. bæjarstjórnar Fjarðabyggðar,
**skipulagsfulltrúi.**

12063)

## Auglýsing

### um minni háttar breytingar á aðalskipulagi Austur-Héraðs 2002-2017

Með vísan til 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og 7.2.2. gr. skipulagsreglugerðar nr. 400/1998 er hér með auglýst tillaga að minni háttar breytingu á aðalskipulagi Austur-Héraðs 2002-2017:

Breytingin felst í eftirfarandi:

- o Landnotkun lóðanna við Miðvang 18, 20 og 22 breytist úr því að vera svæði fyrir þjónustustofnanir í það að vera íbúðasvæði.
- o Hluti af svæði milli Hringvegar (1) og Miðvangs sem skilgreint er blönduð landnotkun sem þjónustusvæði/athafnasvæði, breytist í miðsvæði.
- o Breytt lega er á syðsta hluta göngustígs sem liggur í gegnum svæði fyrir þjónustustofnanir við Miðvang. Stígurinn færist til vesturs og liggur nú milli íbúðasvæðis og miðsvæðis.
- o Ný aðkoma er frá Hringvegi (1) að Miðvangi, um 200 m norðan við vegamót við Fagradalsbraut.

Uppdráttur sem sýnir umrætt svæði, fyrir og eftir breytinguna, verður til sýnis í anddyri bæjarskrifstofu Austur-Héraðs að Lyngási 12, Egilsstöðum frá og með 13. október 2003 til og með 3. nóvember 2003.

Þeir sem hafa athugasemdir fram að færa við framangreinda skipulagstillögu skulu skila þeim skriflega til Austur-Héraðs, umhverfissviðs, Lyngási 12, 700 Egilsstöðum, eigi síðar en 3. nóvember 2003.

Hver sá sem ekki gerir athugasemdir við skipulagstillöguna innan framangreinds frests skoðast samþykkur henni.

Egilsstöðum, 2. október 2003.
**Þórhallur Pálsson** skipulagsfulltrúi.

12064)

# Auglýsing

## frá Póst- og fjarskiptastofnun um jöfnunargjald vegna alþjónustu

Með tilvísun til VI. kafla laga um fjarskipti, nr. 81/2003, og 9. og 10. gr. reglugerðar um alþjónustu, nr. 641/2000, sbr. rg. nr. 813/2000, tilkynnist hér með að umsóknir um fjárframlög úr jöfnunarsjóði alþjónustu á árinu 2004 vegna rekstrarársins 2003 skulu berast Póst- og fjarskiptastofnun, Smiðjuvegi 68-70, Kópavogi, eigi síðar en 30. október 2003.

**Póst- og fjarskiptastofnun,**
6. október 2003.

12066)

# Auglýsing

## um skipulagsmál í Grindavíkurbæ

*1. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Grindavíkur 2000- 2020.*
Í samræmi við 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 er hér með auglýst til kynningar tillaga að breytingu á aðalskipulagi Grindavíkur 2000–2020 vegna deiliskipulags við Víðihlíð og hugmynda um breytta notkun á reitnum norðan byggðar.

*2. Tillaga að deiliskipulagi við Víðihlíð og tillaga að deiliskipulagi við Víkurbraut og Stamphólsveg.*
Í samræmi við 1. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 er hér með auglýst til kynningar tillaga að nýju deiliskipulagi við Víðihlíð og tillaga að nýju deiliskipulagi við Víkurbraut og Stamphólsveg.

Tillögurnar verða til sýnis á skrifstofu Grindavíkurbæjar að Víkurbraut 62 frá og með 13. október til 10. nóvember 2003.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugsemdir við tillögurnar. Frestur til að skila inn athugasemdum er til 24. nóvember 2003.

Skila skal inn athugasemdum á skrifstofu Grindavíkurbæjar að Víkurbraut 62, Grindavík. Hver sá sem eigi gerir athugasemdir við tillögurnar fyrir tilskilinn frest telst samþykkja hana.

Grindavík, 6. október 2003.
**Bæjarstjóri Grindavíkur.**

12067)

# Nauðungarsölur

## Ísafjörður

Eftirtaldar beiðnir um nauðungarsölu til fullnustu kröfum um peningagreiðslu verða teknar fyrir á skrifstofu embættisins að Hafnarstræti 1, Ísafirði, fimmtudaginn 13. nóvember 2003 kl. 9.00, hafi þær ekki áður verið felldar niður:

| Heiti eignar: | Gerðarþoli (-ar): | Gerðarbeiðandi (-beiðendur): | Fjárhæðir krafna í krónum: |
|---|---|---|---|
| Aðalstræti 13, efri hæð og ris, 0201 11435) | Kristín Þórisdóttir | Borgarvík ehf. | 1.100.764 |
| Dýrfirðingur ÍS-58, skskrnr. 1730 11437) | Þórður Sigurðsson | Sjóvá-Almennar tryggingar hf. | 974.117 |
| Góuholt 8 11439) | Kristján Hrafn Arnarsson | Lífeyrissjóður Vestfirðinga | 263.039 |
| Grundargata 6, íbúð 0202 11440) | Ásbjörg Emanúelsdóttir | Sigurrós Einarsdóttir Grinderud | 426.169 |
| Hafnarstræti 1, Þingeyri 11441) | Þórður Sigurðsson | Íbúðalánasjóður | 96.137 |
| Haukur, ÍS-847, skskrnr. 1265 11443) | Torfnes ehf. | Hafnarfjarðarhöfn | 213.126 |
| Hlíðargata 42, Þingeyri 11444) | Jónína Kristín Sigurðardóttir og Konráð Kristinn Konráðsson | Íbúðalánasjóður | 194.829 |
| Hlíðarvegur 12, Suðureyri 11445) | Gunnhildur Hálfdánardóttir | Húsasmiðjan hf. | 240.251 |
| Hlíðarvegur 35, n.h. 0101 11447) | Magnús Guðmundur Samúelsson | Íbúðalánasjóður | 103.400 |
| Holtagata 5, Súðavík 11448) | Guðrún Ingibjörg Halldórsdóttir og Jónas Ólafur Skúlason | Íbúðalánasjóður | 3.126.103 |

| | |
|---|---|
| 31. janúar 2003 | 584 |
| 21. febrúar 2003 | 584 |
| 24. mars 2003 | 584 |
| 29. apríl 2003 | 584 |
| 29. apríl 2003 | 1.385 |
| 26. maí 2003 | 639 |
| 26. maí 2003 | 1.440 |

Samtals nema framangreindar fjárhæðir kr. 149.080 sem er stefnufjárhæð málsins ásamt dráttarvöxtum og kostnaði. Umsaminn gjalddagi er tilgreindur og miðast dráttarvaxtakrafa í dómkröfu við það tímamark. Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar. Stefndi er samkvæmt upplýsingum þjóðskrár ekki með skráð lögheimili, þ.e. óstaðsettur í hús og þrátt fryrir eftirgrennslan hefur ekki tekist að hafa upp á dvalarstað stefnda og á stefnandi ekki annað úrræði en að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaðinu.

*Lagatilvísanir:* Stefnandi byggir kröfur sínar á reglum samninga- og kröfuréttar um loforð og efndir fjárskuldbindinga. Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við reglur III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum vegna vaxta til og með 30. júní 2001, en III. kafla laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 vegna vaxta frá 1. júlí 2001 til greiðsludags. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Varðandi varnarþing vísast til 36. gr. laga nr. 91/1991. Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaði skv. heimild í a-lið 89. gr. laga nr. 91/1991.

*Skjöl og sönnunargögn:* Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin gögn:
1. Stefnu þessa.
2. Skrá yfir framlögð gögn.
3. Hreyfingarlista viðskipamanns.
4. Innheimtubréf lögmanns stefnanda.
5. Útskrift úr þjóðskrá.
6. Ljósrit Lögbirtingablaðs er stefna þessi birtist í.

*Áskorun og viðvörun:* Hér með er skorað á stefnda að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er héraðsdómur Reykjavíkur, á dómþingi sem haldið verður í dómhúsi héraðsdóms Reykjavíkur við Lækjartorg, dómsal 102, þann 11. desember 2003, kl. 10.00, og svara þar til sakar og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefnda og/eða fyrirsvarsmanna stefnda við þingfestingu og fyrirtöku málsins geta þeir átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart stefnda með áritun eða dómi.

Stefnufrestur er 1 mánuður.

Reykjavík, 17. september 2003.
F.h. Bjarna Þórs Óskarssonar hrl.,
**Guðmundína Ragnarsdóttir** hdl.

(11960

# Innkallanir

Með úrskurðum héraðsdóms Reykjaness, uppkveðnum 25. september 2003, voru neðangreind bú tekin til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í þrotabúunum.

Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

| **Nafn bús:** | **Frestdagur:** | **Skiptafundur:** |
|---|---|---|
| Buska ehf., kt. 550295-2109, Hvaleyrarbraut 2, Hafnarfirði | 25. júlí 2003 | mánudaginn 12. janúar 2004 kl. 14.00 |

(11966 a

| | | |
|---|---|---|
| Prentsýn ehf., kt. 460799-2019, Nýbýlavegi 26, Kópavogi | 13. ágúst 2003 | mánudaginn 12. janúar 2004 kl. 14.30 |

(11967 a

| | | |
|---|---|---|
| Járnabindingaþjónusta Viðars ehf., kt. 640502-2660, Hólabraut 4b, Hafnarfirði | 1. júlí 2003 | mánudaginn 12. janúar 2004 kl. 15.00 |

(11968 a

Hér með er skorað á alla þá sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur framangreindum þrotabúum, eða eigna í umráðum þeirra, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra, innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Fjarðargötu 11, 220 Hafnarfirði.

Skiptafundir til að fjalla um skrár yfir lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum þrotabúanna, verða haldnir á skrifstofu skiptastjóra að Fjarðargötu 11, 3. hæð, Hafnarfirði, á ofangreindum tímum.

Skrá yfir lýstar kröfur í viðkomandi þrotabú mun liggja frammi á skrifstofu undirritaðs skiptastjóra, síðustu viku fyrir skiptafundina.

Komi ekkert fram um eignir í búunum verður skiptum lokið á þeim skiptafundum með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl.

Hafnarfirði, 30. september 2003.
**Guðmundur Örn Guðmundsson** hdl.

Eftirtaldar sparisjóðsbækur við Búnaðarbanka Íslands og útibú hans eru glataðar:

Aðalbanki: nr. 205857, 98831 og 240262.
Austurbær: nr. 215678 og 216032.
Vesturbær: nr. 97.
Melar: nr. 823101.
Búðardalur: nr. 825246.
Háaleiti: nr. 11080.
Mosfellsbær: nr. 831038.
Hólmavík: nr. 280220.
Garðabær: nr. 200244.
Kópavogur: nr. 298021, 298954, 10192 og 6397.
Kringlan: nr. 202331 og 300074.
Grafarvogur: nr. 200541.
Selfoss: nr. 270971.

Samkvæmt 49. gr. laga nr. 113/1996 er hér með skorað á handhafa nefndra sparisjóðsbóka að segja til sín innan þriggja mánaða frá síðustu birtingu þessarar auglýsingar.

Reykjavík, 30. september 2003.
Búnaðarbanki Íslands hf.,
**Bentína Pálsdóttir.**
**Sigríður Stefánsdóttir.**

(11972 a

Á ályktunarbærum hluthafafundum í Verkfræðistofunni FVK ehf., kt. 510190-1659, Sólvallagötu 22, Reykjavík, var ákveðið að slíta félaginu og voru þeir Eyvindur Albertsson, kt. 071055-3029, löggiltur endurskoðandi, Hörður Guðmundsson, kt. 270473-5209, lögfræðingur og Björn Óli Hauksson, kt. 110561-5049, kjörnir í skilanefnd og löggiltir til starfans að fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra hinn 4. september 2003.

Með vísan til 87. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög er hér með skorað á lánardrottna félagsins að lýsa kröfum sínum fyrir skilanefnd innan 2ja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar þann 15. október 2003. Kröfulýsingar skulu sendar til KPMG endurskoðun hf., Vegmúla 3, 108 Reykjavík, merktar Herði Guðmundssyni.

Skilanefnd hefur ákveðið til samræmis við 2. mgr. 87. gr. laga nr. 138/1994 að boða til fundar með lánardrottnum og hluthöfum félagsins þriðjudaginn 30. desember 2003 kl. 10.00 á skrifstofu KPMG að Vegmúla 3, Reykjavík, til að fjalla um kröfur á hendur félaginu.

Reykjavík, 2. október 2003.
Í skilanefnd
Verkfræðistofunnar FVK ehf.,
**Hörður Guðmundsson.**

(11977 a

| Heiti eignar: | Gerðarþoli(-ar): | Gerðarbeiðandi (-beiðendur): | Fjárhæðir krafna í krónum: |
|---|---|---|---|
| Hrannargata 8, 0102 11449) | Kristján Ívar Sigurðsson | Íbúðalánasjóður | 42.706 |
| Lyngholt 11 11450) | Viðar Konráðsson og Díana Björk Hólmsteinsdóttir | Lífeyrissjóður Vestfirðinga | 265.904 |
| Margrét ÍS-42, skskrnr. 2442 11451) | Haraldur Árni Haraldsson | Íslandsbanki hf. | 9.353.462 |
| Neðsti-Hvammur I, Þingeyri 11452) | Kristján Fannar Ragnarsson | Tryggingamiðstöðin hf. | 60.819 |
| Pólgata 10 11453) | Ragnheiður Halldórsdóttir og nb.is-sparisjóður hf. | Íbúðalánasjóður | 226.986 |
| Selma ÍS-200, skskrnr. 2355 11454) | Haraldur Árni Haraldsson | Landsbanki Íslands, höfuðstöðvar | 6.963.848 |
| Smiðjugata 8, 0101, 50% ehl. 11455) | Sveinbjörg Sveinsdóttir og Kristinn Halldórsson | Leifur Árnason hdl. | 608.134 |
| Stakkanes ÍS-847, skskrnr. 1011 11456) | Torfnes ehf. | Friðrik A. Jónsson ehf., Grétar Mar Jónsson og Ríkisútvarpið | 1.420.235 |
| Steypustöð úr landi Sanda, Þingeyri 11457) | Dyn ehf., steypustöð | Heildverslunin Mót ehf. og Ker hf. | 400.792 |
| Sundstræti 41 og 41A, 0101, 0102 11459) | Rakel Guðbjörg Magnúsdóttir | Íbúðalánasjóður | 66.074 |
| Unnarstígur 8, ehl. gerðarþola, Flateyri 11460) | Elinóra Guðmundsdóttir | Ingvar Helgason hf. | 2.394.103 |

Ísafirði, 9. október 2003.
Sýslumaðurinn á Ísafirði,
**Ólafur Hallgrímsson** ftr.

## Akureyri

Eftirtaldar beiðnir um nauðungarsölu til fullnustu kröfum um peningagreiðslu verða teknar fyrir á skrifstofu embættisins að Hafnarstræti 107, Akureyri, föstudaginn 14. nóvember 2003 kl. 10.00, hafi þær ekki áður verið felldar niður:

| Heiti eignar: | Gerðarþoli (-ar): | Gerðarbeiðandi (-beiðendur): | Fjárhæðir krafna í krónum: |
|---|---|---|---|
| Arnarsíða 4e, íb. 05-0101, (214-4789) 12075) | Magnús Baldvin Einarsson | Íbúðalánasjóður | 234.466 |
| Árgerði, eignarhl., L- Árskógssandi, (215-6699), Dalvíkurbyggð 12076) | Guðmundur Már Sigurbjörnsson | Sýslumaðurinn á Akureyri | 356.734 |
| Borgarhlíð 7a, 02-0101, (214-5310) 12077) | Ingunn Kristín Aradóttir og Hinrik Benedikt Karlsson | Íslandsbanki hf. | 125.936 |
| Brekkugata 10, 01-0001, (214-5427) 12078) | Tryggvi Kjartansson | Vátryggingafélag Íslands hf. | 55.143 |
| Glerá lóð nr. 1, íb. 01-0101, (214-4483) 12079) | Einar Arnarson | Íbúðalánasjóður | 190.776 |

| Heiti eignar: | Gerðarþoli(-ar): | Gerðarbeiðandi (-beiðendur): | Fjárhæðir krafna í krónum: |
|---|---|---|---|
| Hafnarstræti 20, íb. 01-0301, (214-6872) 12080) | Jórunn Viggósdóttir | Íbúðalánasjóður | 167.344 |
| Hafnarstræti 35, íb. 01-0201, (214-6893) 12081) | Brynjar Þór Bjarkason | Íbúðalánasjóður | 52.572 |
| Hafnarstræti 79, íb. 01-0301, (214-6929) 12082) | Árni Steinar Jóhannsson | Höldur ehf., Landssími Íslands hf., innheimta og Naust hf. | 928.806 |
| Helgamagrastræti 23, íb. 01-0201, eignarhl., (214-7287) 12083) | Ingvar Páll Ingason | Tollstjóraembættið | 2.161.943 |
| Hinriksmýri, (215-6708), Dalvíkurbyggð 12084) | Baldvin Pétursson | Dalvíkurbyggð | 62.471 |
| Hofsbót 4, 2. hæð, norðurhluti 12085) | Egill Jónsson hf. | Íslandsbanki hf. | 832.043 |
| Hofsbót 4, 2. hæð, suðurhluti 12086) | Egill Jónsson hf. | Íslandsbanki hf. | 832.043 |
| Hólakot, Eyjafjarðarsveit 12087) | Örnólfur Eiríksson | Lánasjóður landbúnaðarins | 1.538.125 |
| Smáralækur, úr landi Syðri-Varðgjár, Eyjafjarðarsveit 12088) | Leifur Egilsson og Sigríður K. Þorbjörnsdóttir | Íbúðalánasjóður | 329.429 |
| Staðartunga, Hörgárbyggð 12089) | Jón Pétur Ólafsson | Lánasjóður landbúnaðarins | 899.043 |
| Stella EA-183, skipaskr. 6643 12090) | Kolbeinsey ehf. | Íslandsbanki hf. | 5.768.970 |
| Strandgata 25, 01-0101, (215-0965) 12091) | Þb. Frjálsrar fjölmiðlunar ehf. | Tryggingamiðstöðin hf. | 77.772 |
| Sveinbjarnargerði II-D, gistihús, 01-0101, (216-0407), Svalbaðsstrandarhreppi 12092) | Lágagerði ehf. | Lífeyrissjóðurinn Lífiðn | 455.082 |
| Tungusíða 6, (215-1444) 12093) | Rögnvaldur Sigurðsson og Margrét Kjartansdóttir | Íbúðalánasjóður | 247.761 |
| Viðjulundur 1, útihús, fjós og hlaða 12094) | K Jensen ehf. | Tryggingamiðstöðin hf. | 74.397 |
| Ytra-Holt, eining 25, (215-4603) Dalvíkurbyggð 12095) | Jóhannes Jón Þórarinsson | Vátryggingafélag Íslands hf. | 342.989 |
| Þórunnarstræti 128, íb. 010101, eignarhl., (215-1982) 12096) | Finnur Magnús Gunnlaugsson | Rafmagnsveitur ríkisins, Reykjavík | 90.608 |

Akureyri, 1. október 2003.
Sýslumaðurinn á Akureyri,
**Harpa Ævarrsdóttir** ftr.

Með úrskurðum héraðsdóms Suðurlands uppkveðnum á neðangreindum tímum voru eftirtalin bú tekin til gjaldþrotaskipta.

Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

| Nafn bús: | Úrskurðardagur: | Frestdagur: | Skiptafundur: |
|---|---|---|---|
| HK búvörur, kt. 510200-3570, Iðjuvöllum 3, Kirkjubæjarklaustri | 28. ágúst 2003 | 28. ágúst 2003 | 8. jan. 2004 kl. 11.00 |

(11181 b

| Nafn bús: | Úrskurðardagur: | Frestdagur: | Skiptafundur: |
|---|---|---|---|
| Eignarhaldsfélagið Brú ehf., kt. 600700-2430, Eyravegi 2, Selfossi | 1. sept. 2003 | 1. sept. 2003 | 15. jan. 2004 kl. 11.00 |

(11182 b

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur framangreindum þrotabúunum eða eigna í umráðum þeirra, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innkallana þessara.

Kröfulýsingar skulu sendar til skrifstofu skiptastjóra að Skeifunni 11a, 108 Reykjavík.

Skiptafundir til að fjalla um skrár um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum þrotabúanna verða haldnir á skrifstofu skiptastjóra að Skeifunni 11a, Reykjavík, á ofangreindum tímum.

Komi ekkert fram um eignir í búunum verður skiptum lokið á skiptafundum með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl.

Skrár um lýstar kröfur í viðkomandi þrotabú munu liggja frammi á skrifstofu undirritaðs skiptastjóra viku fyrir skiptafundina.

Reykjavík, 10. september 2003.
**Steinunn Guðbjartsdóttir** hdl.,
skiptastjóri.

Á ályktunarbærum hluthafafundum í Vírus í paradís ehf., kt. 490802-2230, sem haldnir voru þann 26. ágúst 2003 var ákveðið að slíta félaginu og voru þau Helga Harðardóttir, kt. 101059-2519, löggiltur endurskoðandi hjá KPMG og Snorri Þórisson, kt. 200549-3689, valin til skilanefndarstarfa. Ofangreindir aðilar voru í kjölfarið löggilt til starfans af fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra.

Með vísan til 87. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög er hér með skorað á lánardrottna félagsins að lýsa kröfum sínum fyrir skilanefnd innan 2ja mánaða frá fyrri birtingu auglýsingar þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar til KPMG, Borgartúni 27, 105 Reykjavík, merktar Helgu Harðardóttur.

Skilanefnd hefur ákveðið að boða til fundar með lánardrottnum og hluthöfum félagsins 30. desember 2003 kl. 10.00 árdegis á skrifstofu KPMG að Borgartúni 27, Reykjavík, til að fjalla um kröfur á hendur félaginu.

Reykjavík, 3. október 2003.
Í skilanefnd,
**Helga Harðardóttir.**

(11976 b

# Skiptafundur

Skiptafundur í neðangreindu þrotabúi verður haldinn á skrifstofu undirritaðs skiptastjóra í búinu að Garðarsbraut 5, 3. hæð, Húsavík.

| Nafn bús: | Skiptafundur: |
|---|---|
| Eyjólfur Þór Jónsson, kt. 050756-5489, Mímisvegi 16, Dalvík | miðvikudaginn 22. október 2003 kl. 13.00 |

Ekki hafa fundist eignir í þrotabúinu og verður skiptum lokið með vísan til 1. mgr. 155. gr. gjaldþrotaskiptalaga nr. 21/1991 á boðuðum fundi komi ekki fram andmæli eða ábendingar um eignir í síðasta lagi á þeim fundi.

**Endurbirt vegna villu.**

Húsavík, 7. október 2003.
**Margrét María Sigurðardóttir** hdl.,
skiptastjóri.

(12229

# Skiptalok

Með úrskurðum héraðsdóms Suðurlands uppkveðnum 13. júní 2001 voru eftirtalin bú tekin til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í viðkomandi þrotabúi.

Engar eignir fundust í búunum og var skiptum því lokið 5. október 2001 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur auk áfallandi dráttarvaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

| Nafn bús: | Fjárhæð lýstra krafna kr.: |
|---|---|
| Vélaleiga Baldvins ehf., kt. 510699-2039, Byggðarhorni, Árborg | 1.747.355 |

(11953

| Nafn bús: | Fjárhæð lýstra krafna kr.: |
|---|---|
| Ásgeir Gunnarsson, kt. 060256-2689, Lækjarmóti, Árborg | 19.507.828 |

(11954

**Jóhannes Ásgeirsson** hdl.,
skiptastjóri.

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 26. júní 2002 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var Kristinn Hauksson lögmaður skipaður skiptastjóri í búinu.

Óverulegar eignir fundust í búinu og gengu þær upp í greiðslu skiptakostnaðar. Lauk skiptum á neðangreindum tíma samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991, án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

| Nafn bús: | Skiptalok: | Fjárhæð lýstra krafna kr.: |
|---|---|---|
| Tölvur og þjónusta ehf., (áður Gagnabanki Íslands ehf.), kt. 630393-2489, Síðumúla 3-5, Reykjavík | 25. sept. 2003 | 88.938.866 |

Reykjavík, 26. september 2003.
F.h. skiptastjóra,
**Jón Ármann Guðjónsson** hdl.

(11955

Með úrskurðum héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum þann 23. maí 2003 voru bú neðangreindra aðila, tekin til gjaldþrotaskipta og var undirritaður skipaður skiptastjóri í þrotabúunum þann sama dag.

Engar eignir fundust í búunum til að greiða upp í lýstar kröfur og var skiptum í þeim lokið í dag, samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

| Nafn bús: | Fjárhæð lýstra krafna kr.: |
|---|---|
| Vörugeymslan ehf., kt. 590900-3030, Suðurbraut 4, 210 Garðabæ (11956 | 5.602.517 |
| Beem ehf., kt. 420398-2479, Smiðjuvegi 4b, 200 Kópavogi (11957 | 3.627.214 |
| MLO Kosta ehf., kt. 540602-4090, Hæðarsmára 6, 201 Kópavogi (11958 | 3.678.882 |
| Lárus Guðjónsson, kt. 250951-7369, Álfholti 56c, 220 Hafnarfirði (11959 | 2.037.653 |

Seltjarnarnesi, 2. september 2003.
**Ólafur Sigurgeirsson** hrl.

Með úrskurðum héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 9. maí 2003 dögum voru eftirtalin bú tekin til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í viðkomandi þrotabúi.

Engar eignir fundust í búunum og var skiptum því lokið á neðangreindum dögum samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur auk áfallandi vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

| Nafn bús: | Skiptalok: | Fjárhæð lýstra krafna kr.: |
|---|---|---|
| Blámi bílamálun og rétting ehf., kt. 700101-2580, Smiðshöfða 12, Reykjavík (11961 | 12. sept. 2003 | 17.042.436 |
| Tíska ehf., kt. 590897-2489, Ármúla 20, Reykjavík (11962 | 19. sept. 2003 | 16.484.811 |
| Snakkfiskur ehf., kt. 490695-2659, Þverholti 8, Mosfellsbæ (11963 | 25. sept. 2003 | 37.467.628 |

Reykjavík, 25. september 2003.
**Skúli Bjarnason** hrl.,
skiptastjóri

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur 20. september 2002 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu.

Engar eignir fundust í búinu og lauk skiptum 12. janúar 2003 tíma samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991, án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

| Nafn bús: | Fjárhæð lýstra krafna kr.: |
|---|---|
| Davíð Gunnar Diego, kt. 071260-2599 | 33.666.093 |

Reykjavík, 29. september 2003.
**Börkur Hrafnsson** hdl.,
skiptastjóri.

(11964

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur 11. júlí 2002 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu.

Engar eignir fundust í búinu og lauk skiptum í dag samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991, án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

| Nafn bús: | Fjárhæð lýstra krafna kr.: |
|---|---|
| Margmiðlun, sérþekking og netlausnir ehf., kt. 690598-2219 | 763.001 |

Reykjavík, 25. september 2003.
**Björn L. Bergsson** hrl.,
skiptastjóri.

(11970

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 24. mars 2003 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta og undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu 28. mars 2003.

Ekki fundust eignir í búinu umfram skiptakostnað og lauk skiptum í dag samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991, án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

| Nafn bús: | Fjárhæð lýstra krafna kr.: |
|---|---|
| Diez á Íslandi ehf., kt. 670801-2330, | 18.334.554 |

**Endurbirt vegna villu.**

Reykjavík, 15. september 2003.
**Bergsteinn Georgsson** hdl.

(12231

# Veðhafafundur

Vegna gjaldþrotaskipta á neðangreindu þrotabúi og með vísan til 129. gr. laga nr. 21/1991 er boðað til fundar með veðhöfum og öðrum þeim, sem kunna að telja til réttinda yfir tveimur vélasamstæðum búsins sem eru staðsettar að Hafnarskeiði 17, 815 Þorlákshöfn. Verður fundurinn haldinn á skrifstofu undirritaðs skiptastjóra að Efstaleiti 5, 103 Reykjavík á neðangreindum tíma.

Á fundinum verða kynntar tillögur skiptastjóra um ráðstöfun eignarinnar og leitað eftir samþykki rétthafa fyrir því að þeim verði ráðstafað með þeim hætti að réttindi, sem fullnusta fæst ekki á af söluverði eignanna glati þeim tryggingum sem þau kunna að njóta í þeim.

| Nafn bús: | Skiptafundur: |
|---|---|
| Íslenska vatnsfélagið ehf., kt. 540700-2490, Garðastræti 37, 101 Reykjavík | miðvikudaginn 22. október 2003 kl. 10.00 |

